



Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum. Þingskjal 109 – 109. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum.

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það.

Barnaheill styðja tillöguna heilshugar um að Alþingi álykti að fordæma ólöglega og ómannúðlega meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum og fjölskyldum þeirra við landamæri Bandaríkjanna og feli ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að sundrun fjölskyldna í leit að alþjóðlegri vernd verði hætt þegar í stað.

Meðferð sú sem bandarísk stjórnvöld beita flóttabörn, eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er án efa brot gegn mannréttindum viðkomandi barna og ætti að stöðva umsvifalaust og bæta börnunum skaðann með öllum tiltækum leiðum.

Reglur Barnasáttmálans eiga að vernda börn gegn slíkri illri meðferð að vera aðskilin frá foreldrum sínum án lagaheimildar og viðeigandi málsmeðferðar skv. barnaverndarlögum. Bandaríkin hafa ekki fullgilt Barnasáttmálann þó þau hafi undirritað hann. Þó má ætla að reglur Barnasáttmálans gildi sem alþjóðlegar meginreglur vegna mikillar útbreiðslu hans og fjölda ríkja sem hafa fullgilt hann, og séu þar með lagalega bindandi gagnvart bandarískum stjórnvöldum.

Í öllu falli eru Bandaríkin aðilar að öðrum mannréttindasamningum, m.a. samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og ómannúðlegri meðferð. Sá samningur er þverbrotinn af bandarískum stjórnvöldum með slíkri illri meðferð á börnum sem viðgengst við landamæri Bandaríkjanna að Mexíkó.

Barnaheill hvetja Alþingi til að samþykkja ofangreinda þingsályktunartillögu og gera að auki allt sem í valdi þess stendur að koma flóttabörnum við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó til bjargar.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna um allan heim og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Utanríkismálanefnd Alþingis,
Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Reykjavík 27.3.2020

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um tillögu til þingsályktunar um fordæmingu meðferðar bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum, 150 löggjafarþing 2019-2020. Þskj. 109-109. mál.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum.

Amnesty International hefur rannsakað meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum og fjölskyldum þeirra við landamæri Bandaríkjanna. Rannsóknir samtakanna hafa leitt í ljós að á árunum 2018 og 2019 hafa bandarísk stjórnvöld sundrað fjölskyldum einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd og vísitandi valdið fjölskyldum gífurlegum þjáningum og beitt þær illri meðferð sem í sumum tilfellum teljast til pyndinga.¹

Stefna bandaríska stjórnvalda í málefnum innflytjenda sem hefur leitt til þess að foreldrar eru hafðir í haldi frá börnum sínum brýtur gegn ýmsum grundvallarmannréttindum, þar á meðal réttinum til fjölskyldueiningar (e. family unity), réttinum til frelsis og réttinum til frelsis frá pyndingum og annarri illri meðferð. Þá felur sundrun fjölskyldna í sér að réttindi barna eru ekki virt, meðal annars vegna þess að börn verða fyrir gífurlegu áfalli vegna aðskilnaðar frá fjölskyldum sínum. Í þeim málum sem Amnesty hefur rannsakað er ljóst að aðgerðir stjórnvalda hafa brotið gegn reglu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld geri ráðstafanir er varða börn.²

Í júní 2018 rannsakaði Amnesty International stefnu ríkisstjórnar Trumps um aðskilnað fjölskyldna í leit að alþjóðlegri vernd og mat það svo að hún fæli í sér pyndingar samkvæmt bæði bandarískum lögum og alþjóðalögum. Samtökin telja að umrædd stefna og framkvæmd ríkisstjórnar Trumps væri greinilega (1) framin af yfirlögðu ráði, (2) framin af opinberum starfsmönnum á vegum hins opinbera og (3) framin til þess að ná fram ákveðnum markmiðum, þ.e. koma í veg fyrir að fjölskyldur á flótta leiti alþjóðlegrar verndar í Bandaríkjunum eða til að þvinga þær fjölskyldur sem þegar höfðu sótt um alþjóðlega vernd til að falla frá kröfum sínum því. Þá væri fjórða skilyrðinu fyrir pyndingum einnig fullnægt (4), þ.e. að sundrung fjölskyldna hefði í för með sér alvarlegan sársauka og þjáningu, sér í lagi andlegan sársauka og þjáningu, með augljósum neikvæðum áhrifum á líkamlega heilsu í sumum tilvikum.³

Bandarísk stjórnvöld hafa einnig í auknum mæli sett einstaklinga í leit að vernd í handahófskennd og ótímabundið varðhald til að koma í veg fyrir að þeir sæki um vernd

¹ „United States of America: Rolling Back of Human Rights Obligation”, tillögur Amnesty International fyrir jafningjarýni í 36. lotu Mannréttindaráðsins, maí 2020, bls. 10. Aðgengilegt á slóðinni <https://www.amnesty.org/download/Documents/AMR5114072019ENGLISH.pdf>

² „USA: ‘You Don’t Have Any Rights Here’”, skýrsla Amnesty International um ólöglegar mótaðgerðir, handahófskennd varðhald og illa meðferð á einstaklingum í leit að alþjóðlegri vernd. Aðgengilegt á slóðinni <https://www.amnesty.org/download/Documents/AMR5191012018ENGLISH.PDF>

³ Ibid.

og/eða neyða þá til að falla frá kröfum sínum. Slík framkvæmd felur í sér grimmilega, ómannúðlega og vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Í nýlegri skýrslu Amnesty International *No Home For Children: The Homestead “Temporary Emergency” Facility*⁴ kemur fram að börn hafi verið sett í tímabundið varðhald á Homestead-vistuninni á Flórída. Þar hafa fylgdarlaus börn og börn sem hafa verið tekin frá fjölskyldum sínum verið sett í langvarandi og ótímabundið varðhald. Í mars 2019 voru börn að meðaltali í 52 daga í haldi á Homestead. Í mörgum tilfellum voru börn í haldi í meira en 20 daga en samkvæmt bandarískum lögum mega börn ekki vera í haldi umfram þann tíma. Í skýrslu Amnesty International kom fram að börn höfðu verið í haldi í 100, jafnvel 200 daga. Eitt barn var í haldi á Homestead í 8 mánuði áður en það var fært á annan stað í hald. Þann 23. ágúst síðastliðinn tók gildi ný reglugerð ríkisstjórnar Trumps sem mun leiða til ótímabundinnar varðhaldsvistar barna og fjölskyldna. Flores-samningurinn (e. Flores Settlement Agreement) frá 1997 um innflytjendamál kveður á um að börn megi ekki vera í haldi í lengri tíma en 20 daga í Bandaríkjunum. Með umræddri reglu myndi Flores-samningurinn falla úr gildi.

Amnesty International leggur áherslu á eftirfarandi atriði og hvetur íslensk stjórnvöld til að gera slíkt hið sama í samskiptum sínum við bandarísk stjórnvöld;

- að bandarísk stjórnvöld hætti að sundra fjölskyldum í leit að alþjóðlegri vernd undir öllum kringumstæðum, nema þegar ígrunduð ákvörðun er tekin um annað sem þá er barninu fyrir bestu
- að tryggja að frelsi sé sjálfgefin staða flóttafólks og að varðhald stjórnvalda á flóttafólki sé einungis neyðarúrræði, þegar það er talið nauðsynlegt og hóflegt í lögmætum tilgangi, og byggt á mati á sérstökum aðstæðum viðkomandi
- að binda enda á varðhald barna, hvort sem þau eru í fylgd annarra eða ekki, aðskilin eða með fjölskyldum sínum, þar sem varðhald er aldrei barninu fyrir bestu
- að öll börn verði sameinuð með foreldrum sínum eða forráðamönnum hafi þau verið aðskilin frá þeim, eins fljótt og auðið er

Þá vill Íslandseild Amnesty International nýta tækifærið og minnst á málefni flóttafólks í Evrópu og hvetja íslensk stjórnvöld til að taka á móti fleira flóttafólki. Ríki Evrópu aðhafast ekki nærri því nóg til að gangast við ábyrgð sinni gagnvart fólki á flótta. Opnun Tyrkja á landamærum að Grikklandi fyrir fólk á flótta er nýlegt dæmi um það. Þúsundir fólks á flótta er nú komið að landamærum Grikklands þar sem því hefur verið mætt með ómannúðlegum aðgerðum grískra stjórnvalda sem brjóta í bága við lög Evrópusambandsins og alþjóðalög. Leiðtogar Evrópusambandsins hafa stutt fjandsamlegar aðgerðir Grikklands. Amnesty International kallar eftir því að evrópsk stjórnvöld virði alþjóðalög og tryggi að flóttafólk í leit að vernd hafi aðgang að sanngjarnri og skilvirkri meðferð umsókna um vernd. Ríki Evrópu, þar á meðal Ísland, ættu einnig strax að aðstoða við að flytja flóttafólk í leit að alþjóðlegri vernd frá Grikklandi og veita því móttöku.

⁴ USA: No Home for Children: The Homestead “Temporary Emergency” Facility”, skýrsla Amnesty International. Aðgengilegt á slóðinni <https://www.amnesty.org/download/Documents/AMR5107142019ENGLISH.PDF>

Virðingarfyllst,



Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri
Íslandsdeildar Amnesty International



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2020.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum, þskj. 109, 109. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar. Styður skrifstofan tillöguna heils hugar og hvetur til þess að hún verði samþykkt. Að sögn alþjóðlegra mannréttindasamtaka hefur Bandaríkjastjórn haldið áfram þeirri háttsemi að aðskilja foreldra og börn á flóttu og er afar brýnt að alþjóðasamfélagið beiti sér fyrir því að Bandaríkin láti strax af þessari framkvæmd.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri

Umsögn utanríkisráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum

Óskað hefur verið eftir umsögn utanríkisráðuneytisins vegna þingsályktunartillögu fjórtán þingmanna þess efnis að Alþingi álykti að fordæma ólöglega og ómannúðlega meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum og fjölskyldum þeirra við landamæri Bandaríkjanna og felur ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að sundrun fjölskyldna í leit að alþjóðlegri vernd verði hætt þegar í stað.

Af þessu tilefni vill utanríkisráðuneytið koma því á framfæri að utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur nú þegar komið á framfæri afstöðu íslenskra stjórnvalda til þeirra aðgerða sem bandarísk stjórnvöld gripu til á sínum tíma í þessum efnum.

Ráðherrann sagði meðal annars í viðtali við Morgunblaðið að framkvæmd landamæraeftirlits, þar sem börn væru skilin frá foreldrum sínum, samræmdist ekki þeim gildum sem íslensk stjórnvöld aðhylltust. Sagði ráðherra orðrétt við það tækifæri: „Réttindi barna og velferð skulu ávallt höfð í fyrirrúmi. Það er krafa sem er í gildi stjórnvalda allra ríkja, ekki síst réttarríkja sem byggjast á þessum grunngildum sem við aðhyllumst; lýðræði, frelsi og mannréttindum.“¹ Var þess getið í sama viðtali að málið yrði tekið upp við bandarísk stjórnvöld og það gerði utanríkisráðherra á fundi sem hann átti með Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Hörpunni þann 15. febrúar 2019 í heimsókn Pompeos hingað til landsins.

¹ Sjá: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/06/21/omannudleg_framkvaemd/